

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Húsavík, 11. desember 2023

### **Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um lög um Náttúrufræðistofnun, 479. mál.**

Náttúrustofur fengu þann 16. nóvember sl. sent til umsagnar frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun, 479. mál. Þar er um að ræða tillögu sem felur það m.a. í sér að núgildandi lög um starfsemi þeirra séu felld úr gildi. Samtök náttúrustofa (SNS), samstarfsvettvangur náttúrustofanna, gagnrýna samráðsleysi við undirbúning frumvarpsins. Eðlilegt hefði mátt telja að leitað hefði verið formlega eftir sjónarmiðum náttúrustofanna fyrir í ferlinu við svo mikilvæga breytingu á lagaumhverfi þeirra og helstu samstarfsstofnana. Ekki bara rétt áður en ný lög eiga að taka gildi. Undirbúningur fyrirhugaðrar sameiningar hefur verið stuttur og staða náttúrustofa að mörgu leyti óskýr. Á þetta benti Félag íslenskra náttúrufræðinga einnig í umsögn sinni um áform stjórnvalda um lagasetningu vegna sameiningar tíu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Við undirbúning frumvarpsins virðist ekkert hafa verið tekið mið af þingsályktun nr. 44/150 um náttúrustofur, sem samþykkt var á Alþingi þann 30. júní 2020. Þar ályktar Alþingi „...að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að koma á fót starfshópi til að meta reynsluna af starfi náttúrustofa og kanna hvort hagkvæmt sé að náttúrustofur taki formlega að sér fleiri svæðisbundin verkefni en þær hafa nú með höndum. Starfshópnum verði falið að móta leiðir til að styrkja samstarf náttúrustofa og stofnana ríkisins í þeim tilgangi að nýta fjármagn til þekkingaröflunar og vöktunar á náttúru landsins sem best og til að auka skilvirkni í samstarfi um náttúruvernd.“ Starfshópi þeim sem um er getið hefur enn ekki verið komið á laggirnar, þó gert hafi verið ráð fyrir því að skilað yrði tillögum til ráðherra fyrir 1. desember 2020. Auk sniðgöngu þingsályktunartillögunnar virðist engin greiningarvinna hafa verið unnin við að skerpa á lagalegri stöðu og stjórnskipulagi náttúrustofa innan málaflokks rannsókna og vöktunar á náttúru Íslands, né heldur samlegð þeirra og samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) og Náttúrufræðistofnunastöðina við Mývatn (RAMÝ). Nýta hefði átt þessa endurskoðun laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur til þess að taka á þessum atriðum svo þess sæist stað í nýjum lögum. Náttúrustofur eiga í miklu og góðu samstarfi við NÍ og telja þær að mikil tækifæri liggi í aukinni samlegð á milli stofnananna, eins og hefur sýnt sig í verkefninu „vöktun náttúruverndarsvæða“. Margt er sameiginlegt með starfsemi stofnananna þó margt sé líka ólíkt með þeim.

Óhætt er að segja að uppbygging náttúrustofa, sem fyrst um sinn voru alfarið á hendi ríkisins, hafi verið farsæl. Saga þeirra spannar nú orðið um þrjátíu ár og markaði uppbygging náttúrustofa að mörgu leyti grundvöll fyrir uppbyggingu þekkingarsetra/-klasa út um landið. Á náttúrustofum starfar í dag svipaður fjöldi háskólamenntaðra náttúrufræðinga og á NÍ. Þar býr

dýrmæt þekking og reynsla í starfsfólki, sem oftast en ekki er einstök á landsvísu. Náttúrustofurnar eru dreifðar allt í kringum landið og eru því vel í stakk búnar til að taka að sér fleiri svæðisbundin verkefni á sviði rannsókna og vöktunar á náttúru Íslands. Stofurnar starfa víðast hvar innan þekkingarsamfélaga út um landið. Þær eru þar mikilvæg grunnstoð og starfa í nánú samstarfi við aðra svæðisbundna þekkingar- og nýsköpunarstarfsemi, s.s. símenntunar-, háskólanáms- og rannsóknasetur, atvinnuþróun, nýsköpunar og frumkvöðlasetur og heilbrigðiseftirlit landshlutanna. Auk hlutverks náttúrustofa við rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands gegna þær því mikilvægu byggðalegu hlutverki, enda var það einnig á þeim grundvelli sem til þeirra var stofnað í upphafi – að styrkja byggð og samfélög allt í kringum landið. Líkt og þeim er ætlað, sinna stofurnar fyrst og fremst verkefnum inni á sínum starfssvæðum og vinna þannig verkefni í nálægð við viðfangsefni. Ætti ríkið því að sjá sér hag í að nýta fjárfestingu sína í náttúrustofunum með því að fela þeim aukin svæðisbundin verkefni, til þess að verkefni séu unnin í meira mæli þar sem þau raunverulega eru. Það myndi efla náttúrustofurnar og þá þekkingarkjarna sem þær starfa í á landsbyggðinni enn frekar.

Varðandi einstök efnisatriði frumvarpsins telja náttúrustofur að ýmislegt megi betur fara. Ekki er þó talin ástæða til að fara sérstaklega ofan í einstakar greinar frumvarpsins á þessu stigi vegna þess að það þarfnast heildarendurskoðunar við, sbr. þann skort á samráði og undirbúningi sem að framan greinir. Nokkur grundvallaratriði er þó vert að nefna sem náttúrustofur telja að breyta þurfi og/eða endurhugsa í endurskoðuðu frumvarpi:

1. **Ótækt er og villandi að einungis heiti ríkisstofnunar komi fram í lagaheiti sem um náttúrustofur fjallar.** Með því er gert lítið úr starfsemi þeirra og mikilvægi. Náttúrustofur eru bæði rekstrar- og starfslegs eðlis ólíkar ríkisstofnunum sem frumvarpið fjallar um, því þær eru í eigu sveitarfélaga skv. nágildandi lögum. Af sömu ástæðu ætti kaflaskipting núverandi laga að halda sér, þannig að fjallað sé um náttúrustofur í sérstökum kafla.
2. **Fjarlægja þarf ákvæði um að forstjóri Náttúrufræðistofnunar geti gert tillögu til ráðherra er varðar starfsemi náttúrustofa.** Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um verkefni og starfsemi Náttúrufræðistofnunar að fengnum tillögum forstjóra, þ.m.t. um náttúrustofur. Náttúrustofur eru sjálfstæðar rekstrareiningar í eigu sveitarfélaga skv. nágildandi lögum og ekki er gert ráð fyrir að það breytist með nýjum lögum. Því er óeðlilegt að forstjóra Náttúrufræðistofnunar verði færð þau völd að geta gert tillögu að verkefnum þeirra og starfsemi. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar hefur ekki þau völd í dag og það af góðri ástæðu. Þessari hugmynd mótmæla náttúrustofur harðlega, enda um grundvallarbreytingu á stjórnskipulagi þeirra að ræða.
3. **Lagt er til að hætt verði við áform um að sameina RAMÝ inn í Náttúrufræðistofnun. Fremur verið horft til samstarfs og samlegðar við náttúrustofu landshlutans, enda um mjög svæðisbundin verkefni að ræða.** Ekki er sjálfgefið að ríkið reki náttúrufræðistofnunastöð við Mývatn inni í stórríkisstofnun, frekar en að hún standi áfram sjálfstæð. Sérstaklega þegar um er að ræða bæði landfræðilega og að sumu leyti faglega aðskilda einingu. Gengur frumvarpið út á að flytja framkvæmdastjórn og þar

með sjálfsákvörðunarvald úr héraði og er þar með í ákveðnu ósamræmi við stefnumótandi byggðaáætlun þar sem dreifing opinberra starfa, þ.m.t. væntanlega einnig stjórnunarstarfa, skuli jöfnuð. Þarfnast það grundvallaratriði því endurskoðunar.

Í sjálfstæðinu og smæðinni getur falist styrkur og vegur þar þyngst sjálfsákvörðunarréttur og sveigjanleiki. Þetta þekkjja náttúrustofur vel, enda að mörgu leyti grunnurinn að velgengni þeirra. RAMÝ er í dag með faglegar tengingar víða, bæði innanlands til stofnana og háskóla og út fyrir landsteinana til erlendra vísindastofnana og háskóla. Þó RAMÝ sé lítil ríkisstofnun er þar unnið afbragðs vísindastarf sem rekur sögu sína áratugi aftur í tímann. Útgáfa bóka, vísindarita og -greina ber starfinu glöggt vitni, ásamt ómetanlegum hágæða langtímagögnum um náttúru svæðisins sem safnað hefur verið með reglubundnum hætti í áratugi. Það er eftirsóknarvert að starfa í slíku umhverfi. Með vel útfærðu samstarfi mætti vel ná flestum ef ekki öllum þeim markmiðum sem nefnd eru til grundvallar sameiningu í frumvarpinu. Sé litið aftur í tímann má sjá að saga útibúavæðingar ríkisstofnana er ekkert sérstaklega árangursrík í byggðalegu tilliti. Víða má finna sögulegar heimildir fyrir útibúum ríkisstofnana sem störfuðu í stuttan tíma en voru svo lögð niður þegar harðna fór á dalnum. Þar með hurfu sérfræðistörfin úr héraði.

Hvergi er í greinargerð með frumvarpinu minnst á að skoðuð hafi verið samlegð verkefna og ávinningur samstarfs RAMÝ og verkefna náttúrustofu landshlutans, Norðausturlands (NNA). Líklegt er að mörgum þeim markmiðum sem stefnt er að með sameiningu RAMÝ við NÍ sé hægt að ná í vel útfærðu samstarfi við NNA, ásamt samstarfi við NÍ varðandi þá þætti er varðar umgjörð ríkisstofnana. Um er að ræða skólabókardæmi um svæðisbundin verkefni sem fyrrgreind þingsályktunartillaga tilgreinir og Alþingi hefur samþykkt. Á verkefnum NNA og RAMÝ er talsverð skörun, enda hafa þessar stofnanir átt mjög gott samstarf í héraði sem ekki er tilgreint. NNA er rekin af þeim sveitarfélögum sem vistkerfi Mývatns og Laxár tilheyrir, með stuðningi ríkisins. Viðfangsefni RAMÝ falla þannig að öllu leyti innan skilgreinds starfssvæðis NNA, sem nær frá Ólafsfirði í vestri og austur á Langanes, og eru auk þess að miklu leyti á því starfssviði vistfræðirannsókna sem NNA hefur sérhæft sig í.

4. **Tilgreina þarf í stórum dráttum, a.m.k. í greinargerð, með hvaða hætti Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur hagi samstarfi sínu eða hvar áherslur skuli liggja.** Samstarf Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofa er ekkert útfært í frumvarpinu. Ákvæði um árlegan fund forstjóra og forstöðumanna náttúrustofa er felld niður og samstarfið alveg óskilgreint. Setja mætti ákvæði eða fjalla um, a.m.k. í greinargerð, t.d.: 1) árlegan fund stjórnenda líkt og í núgildandi lögum, 2) stefnu um að Náttúrufræðistofnun leitist við að beina verkefnum sem stofnunin ber ábyrgð á til náttúrustofa => færa störf þangað sem þau eru unnin og efla um leið starfsemi náttúrustofanna á landsbyggðinni og 3) hvernig samstarfi um gagnamál og miðlun upplýsinga skuli háttað.

Til grundvallar þarf að leggja til að ríkið nýti fjárfestingu sína í náttúrustofunum með því að færa þeim aukin verkefni. Einnig að gagnaumsýsla og miðlun upplýsinga um

náttúru Íslands sé skilvirk. Saman leiði þetta til aukins hagræðis og skilvirkni í ríkisrekstri.

5. Þegar um er að ræða fagstofnun, líkt og Náttúrufræðistofnun, telja náttúrustofur að réttara sé að forstjóri hafi háskólamenntun á starfssviði hennar, líkt og nú gildir um NÍ. Mikilvægt er að sá einstaklingur sem leiðir og mótar stefnu svo sérhæfðrar stofnunar hafi góða faglega innsýn í þau viðfangsefni sem fengist er við. Leiðtoginn þarf að geta talað tungu starfsmannanna, ef svo má segja, svo þar sé brú á milli.
6. Tekið skal fram að náttúrustofur gera ekki athugasemd við þann hluta frumvarpsins sem snýr að sameiningu NÍ og Landmælinga Íslands.

Að öllu framansögðu telja náttúrustofur fyrirbyggjandi frumvarp ótækt til samþykktar óbreytt. Nauðsynlegt er að undirbúa það mun betur og horfa heildstætt til þess hvernig skipulagi við rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands skuli háttað í framtíðinni. Ekki er hægt að undanskilja náttúrustofurnar í þeirri vinnu, líkt og við undirbúning þessa frumvarps. Þær eru mikilvægur hluti þessa skipulags og því nauðsynlegt að greina hvar og hvernig náttúrustofurnar falla inn í það til framtíðar. Ný lög um starfsemi þeirra og nánustu samstarfsstofnunar ríkisins þurfa að endurspegla það.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Þorkell Lindberg Þórarinnsson,  
formaður SNS og forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands